

45. fundur skipulags- og byggingarnefndar

FUNDARGERÐ

13. október 2023

Breiðabliki kl. 12:00

Mætt voru: Þröstur Aðalbjarnarson, formaður, Hrefna Birkisdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Atli Sveinn Svansson, Sigurbjörg Ottesen, oddviti, Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi og Þuríður Gía Jóhannesdóttir, starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Mál til afgreiðslu

1. Dalsmynni 3 - umsókn um byggingarleyfi v/ íbúðarhúss

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir nýtt einbýlishús á Dalsmynni 3 (L-235542, F-2526580). Húsið verður á staðsteyptum sökklum með staðsteyptri gólfplötu og útveggjum úr timbri. Það verður með timburklæðningu og timburþaki, sem klætt verður með ábræddum pappa. Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038, eru heimiluð þrjú íbúðarhús og þrjú frístundahús á upprunajörðinni Dalsmynni án þess að breyta aðalskipulagi. Fyrir eru tvö íbúðarhús byggð 1964 og 1980. Fyrir liggur undirritað samþykki allra eiganda jarðarinnar að Dalsmynni og samþykki nærliggjandi lóðarhafa.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi/heimild á grundvelli byggingarheimilda í aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að uppfylltum skilyrðum 2.3.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br. Jafnframt telur nefndin að grenndaráhrifa gæti ekki út fyrir jörðina og að undirritaðir aðaluppdrættir ásamt afstöðumynd uppfylli ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga um grenndarkynningu.

2. Miðhraun 3 - umsókn um byggingarleyfi v/starfsmannahús

Lögð er fram umsókn um byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsi á Miðhrauni 3 (L-196076). Húsið verður á einni hæð og úr timbri. Á húsinu verður kraftsperruþak með 15° þakhalla. Húsið verður hitað upp með gólfhita.

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-4). Fyrirhuguð bygging er innan deiliskipulagssvæðis fyrir Miðhraun 2, sem tók gildi 6. maí 2020.

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar umsókn landeigenda um byggingarleyfi þar sem ekki liggur fyrir heimild í skipulagi.

Gera þarf breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðhraun 2 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða óverul. breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 2. mg. 36. gr. þar sem hluta iðnaðarsvæðis verði breytt í íbúðarsvæði.

Jafnframt felur nefndin byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa að skoða nánar skráningar á Miðhrauni 2 og Miðhrauni 3 í tengslum við skipulagsvinnuna.

3. Deiliskipulag fyrir Laugargerði

Lagt fyrir til kynningar og umræðu minnisblað skipulagsfulltrúa og formanns skipulags- og byggingarnefndar.

Skipulagsfulltrúa og formanni nefndar falið að vinna minnisblað til sveitarstjórnar.

Önnur mál til kynningar

1. Byggingarfulltrúi í Snæfellsbæ vinnur að skoðun sveitarfélagamarka á milli jarðarinnar Mels í Snæfellsbæ og Borgarholts í Eyja- og Miklaholtshreppi. Málið tengist stofnun lóðarinnar Brekku við Brekkuhól, sbr. bókun nefndar á 44. fundi.
2. Yfirferð skráninga í hreppnum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14.00